# GJALDSKRÁ

**fyrir þjónustu loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.**

| | | |
|---|---|---|
| **1.** | **Afgreiðslugjöld.** | Kr. |
| 1.1 | Endurnýjun skírteina einstaklinga, þ.m.t. endurútgáfa glataðra skírteina | 4 000 |
| 1.2 | Breyting á skírteinum einstaklinga, þ.m.t. innfærsla viðbótarréttinda í skírteini | 1 800 |
| 1.3 | Fullgilding erlendra skírteina einstaklinga | 14 000 |
| 1.4 | Útgáfa, endurútgáfa, breyting og endurnýjun lofthæfisskírteina vélknúinna loftfara og breyting skrásetningarskírteina, þ.m.t. breytingar á skrásetningarmerkjum | 8 000 |

**2. Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara.**

2.1 Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara miðast við skráðan hámarksflugtaksmassa þeirra.

2.2 Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald.

2.3 Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis til útflutnings er helmingur árlegs skoðunar- og eftirlitsgjalds.

2.4 Gjald fyrir tímabundið lofthæfisskírteini (t.d. framlengingu lofthæfisskírteinis eða ferjuheimild), fer eftir gildistíma sem hlutfall af árgjaldi fyrir hvern byrjaðan mánuð.

2.5 Hálft árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í maí og nóvember ár hvert fyrir næstliðið hálft ár eða hluta úr ári sem loftfarið hafði gilt íslenskt lofthæfisskírteini og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð.

2.6 Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríksins.

2.7 Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld fyrir vélknúin loftför eru:

| | Kr. | |
|---|---|---|
| a) fyrir loftför allt að 2700 kg | 11 400 | |
| + | | 7,80/kg |
| b) fyrir loftför 2701–5700 kg | 17 000 | |
| + | | 6,50/kg |
| c) fyrir loftför 5701–50000 kg | 80 000 | |
| + | | 7,00/kg |
| d) fyrir loftför yfir 50000 kg | 400 000 | |
| + | | 4,00/kg |

2.8 Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara sem ekki eru vélknúin eru 25% af gjaldi fyrir vélknúin loftför.

**3. Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda.**

3.1 Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda miðast við fjölda þeirra loftfara, sem flugrekandi rekur í starfsemi sinni og skráðan hámarksflugtaksmassa þeirra.

3.2 Gjald við fyrstu útgáfu flugrekstrarleyfis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald, og miðast þá við fyrirhugaðan rekstur sem sótt er um hvað varðar fjölda og massa loftfaranna.

3.3 Hálft árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í maí og nóvember ár hvert fyrir næstliðið hálft ár eða hluta úr ári sem flugrekandi hafði gilt flugrekstrarleyfi og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð sem hvert loftfar var í rekstri hjá flugrekanda á tímabilinu.

3.4 Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

| | |
|---|---|
| 3.5 Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda eru sem hér segir: | Kr. |
| a) fyrir hvert loftfar undir 2700 kg | 25 000 |
| b) fyrir hvert loftfar 2701–5700 kg | 45 000 |
| c) fyrir hvert loftfar 5701–50000 kg | 120 000 |
| d) fyrir hvert loftfar yfir 50000 kg | 180 000 |

**4. Prófgjöld.**

| | |
|---|---|
| 4.1 Fyrir bókleg próf greiðist eftirtalin gjöld: | Kr. |
| a) einkaflugmannspróf | 8 500 |
| b) atvinnuflugmannspróf | 12 500 |
| c) blindflugspróf | 11 000 |
| d) flugkennarapróf | 11 000 |
| e) flugumsjónarmannspróf | 11 000 |
| f) flugvéltæknispróf | 11 000 |
| g) flugrekstrarstjóra- og tæknistjórapróf | 11 000 |
| h) fyrir hlutapróf og endurtekningu prófa í einstökum greinum greiðist fyrir hverja grein | 2 750 |

4.2 Verkleg próf eru tekin hjá prófdómurum sem tilnefndir hafa verið eða staðfestir af flugmálastjórn/loftferðaeftirliti. Próftakar leggja sjálfir til loftför og greiða kostnað af próftökunni til flugmálastjórnar.

**5. Greiðsla gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.**

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar á Reykjavíkurflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. febrúar 1992 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 522 21. desember 1990 um sama efni.

*Samgönguráðuneytið, 28. janúar 1992.*

**Halldór Blöndal.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

28. janúar 1992 Nr. 48

# GJALDSKRÁ

**fyrir afnot flugvalla.**

**1. Gildissvið.**

1.1. Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot flugvalla á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar.

1.2. Gjöld fyrir millilandaflug verða innheimt fyrir afnot alþjóðlegra flugvalla á Íslandi. Skrá yfir þá flugvelli er birt í flugmálahandbók (AIP Iceland), sem gefin er út af flugmálastjórn.